



Til: maria.gudmundsdottir@os.is

Efni: Re: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

Upplýsingar: Sent: 08.08.2018 17:06:06 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018070006, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018070006

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dag. 3. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Rnes ehf um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.

Reykjanes er á náttúruminjaskrá nr. 321: „Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennileguar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf. Auk þess hefur Náttúrufræðistofnun Íslands lagt til við umhverfis- og auðlindaráðherra að vernda Reykjanes og að það verði sett á framkvæmdaáætlun eða B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013. Sjá <http://ni.is/node/21580> . Á það skal bent að tillögur Náttúrufræðistofnunar til ráðherra eiga eftir að fara í formlegt ferli í samræmi við 36. grein fyrrgreindra laga. Á þessari stundu segir tillagan því ekkert um hvort ákveðin starfsemi falli að verndartillögumni eða ekki eða hvort tillagan nái fram að ganga. Nái hún fram að ganga á einnig eftir að fjalla um skilamála sem varða verndina.

Í innsendum gögnum kemur ekki annað fram en að nýta eigi þær borholur sem þegar eru til staðar en jarðhiti á svæðinu, sjá Fylgiskjal 1 með umsókn, hefur verið nýttur til fjölda ára. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að jarðhiti sé nýttur áfram á svæðinu, sé það gert á sjálfbærnan hátt að mati Orkustofnunar, en leggur mikla áherslu á að nýtingin hafi ekki í för með sér óþarfa rask á náttúru svæðisins s.s. fágætum vistgerðum, eins og mýrahveravist, eða plöntutegundum eins og naðurtungu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Date: 07/03/2018 02:56:56 PM
To: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Subject: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 03.07.2018 14:56 -----

From: María Guðmundsdóttir <maria.gudmundsdottir@os.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>
Date: 03.07.2018 14:41
Subject: Beiðni um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp

Góðan dag

Sjá meðfylgjandi beiðni um um umsögn um umsókn um nýtingarleyfi á jarðhita á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, og fylgiskjöl.

Frumrit bréfsins hefur verið sent með pósti.

Bestu kveðjur/Best regards
María



María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanyting/
Specialist – Geothermal Utilisation
Orkustofnun/National Energy Authority
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík
Iceland
Tel: +354 569 6000
<http://www.os.is/> <http://www.nea.is>

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer>

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð ./

Think of the environment before printing this message .

[attachment "Reykjanes - NÍ.PDF" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Varðar rekstur hitaveitu í Reykjanesi við Djúp.docx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Veitusvæði_a.jpg" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Fylgiskjal 1. Reykjanes við Djúp DRÖG.PNG" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS] [attachment "Umsokn-um-nytingarleyfi-jardhiti-jan2018 (1).xlsx" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]